

UM SPÁDÓMA OG NÝ FRÆÐI

I

Þessi ritgerð og ýmsar, sem talsvert hafa verið misskildar ennþá, og flestir lesendur þessa blaðs munu hafa séð eitt-hvað af, eru svolítið spor í áttina að tilraun til þess að breyta hugsunarhætti mannkynsins. Er mér vel ljóst, að sú tilraun er ekkert auðveld, og það er m.a. þess vegna, sem ritgerð, sem nú er að koma í „Lögréttu“ heitir „Á Bröttubrekku“.

Spyrji menn hvers vegna maður sem getur, svo skilja meg, ritað fjöllesnari mál en íslenska er, sé að reyna slíkt hér í fámenninu, þá er þar til að segja, að hvort sem menn hefja langa göngu eða skamma, þá er upphafið það að stíga eitt spor. Mun ég síðar reyna við fleiri en Íslendinga. En gagnvart löndum mínum þykir mér sem ekki dugi ófreistað, þó að horfurnar á að mér verði nokkuð ágengt hér, séu ekki miklar. Og ekki er það einungis sjálfs mín vegna, sem mér þætti æskilegt, að einhverjir Íslendingar yrðu til að skilja það fyrst, hverskonar tilraun það er sem hér ræðir um. Ber ýmislegt til þess að ég get ætlast til að menn íhugi vel orð mín, og séu ekki mjög fljótir til að dæma um mig líkt og of óvitur samtíð dæmdi um fyrirrennara mína Demokritos og Brúnó. Hefi ég varið lífi mínu til náms og rannsókna, eftir því sem orka hefir leyft, og metið það meira, að nota tímann til þess að færa út það svið sem ég hefi vit á, heldur en taka að mér eitthvert starf í því skyni að auka óriflegar tekjur.

Þann misskilning — sem ég rek mig á stundum — að ég hafi umhverfst að hugsunarhætti og gerst dulrænumaður, verð ég að biðja menn að forðast. Dulspekirit hefi ég að vísu talsvert stundað nú í nokkur ár, en einungis vegna þess að ég hefi fundið hvernig gera má bjart á þessu forna þoku-

svæði, og leggja það undir yfirráð vísindanna. Og má um það starf með sanni segja, að það sé í allra nauðsyn unnið. Extra scientiam nulla salus, er mín setning. Eða með öðrum orðum: það er einungis ein leið til áreiðanlegrar þekkingar, og það er að nota skynsemina. Hugboði og “opinberunum” verður varlega að treysta. En ekki er það skynsemi, heldur skynleysi (orðið er hér notað í dálítið sérstakri merkingu) að halda að hugboð, „innblástur“ (intuition, inspiration og fleira af því tagi sem sú vísindagrein sem ég nefni epagógík mun fást við) sé eingöngu komið upp í manns eigin heila.

Í ritgerðinni „Á Bröttubrekku“ og ýmsum öðrum hefi ég (til bráðabirgða) gert nokkra grein fyrir því hvernig draumlífið er til komið. Í svefni verður nokkurskonar hleðsla eða magnan taugakerfisins (fyrir „induktion“; þess vegna kalla ég epagógík eða indúktionsfræði) og draumlífið er einn þáttur þeirrar magnanar eða „hleðslu“; annars meðvitund og annarra, kemur í svefni í staðinn fyrir vora eigin. En stundum geta þessi áhrif af meðvitund annars, jafnvel í vöku orðið svo rík, að maðurinn gleymi sjálfum sér og haldi að hann sé orðinn að öðrum, eins og presturinn eða farandprédikarinn, sem hafði verið að taka peninga í banka, en gleymdi síðan sjálfum sér, gerðist kaupmaður og rak verslun í nokkra mánuði áður en hann tók sig aftur og mundi hver hann var. Að það var einmitt í banka sem þessi sáluskipti urðu, að maðurinn tók kaupmannssál í staðinn fyrir prestsál, getur magnanarfræðin, epagógíkin vel skýrt.

III

Þegar menn fara að færa sér í nyt þær uppgötvanir sem hér ræðir um, munu á 10 árum verða meiri framfarir í skilningi á “dularfullum fyrirbrigðum“ en á 10000 árum áður. Og það munu ekki líða mörg ár áður en orð mín sannast; því að uppgötvanir þær „liggja nú í loftinu,“ sem leiða til hinna nýju náttúrufræða, er nefna mætti bioradiologi, lífgeislanarfræði, epagógík (sem ég veit ekki ennþá neitt íslenskt nafn á er mér líki) og astrobiologi, stjörnulíffræði; fræðin um lífið á öðrum stjörnum. Mun hér fara um skiln-

inginn á sambandi lífsins í öllum heimi líkt og um aldamótin 1800, þegar þeir Erasmus Darwin, Oken og Lamarck og fleiri ágætir menn, náðu um líkt leyti hinum afararíðandi skilningi á „sambengi lífsins“ á jörðu hér. Var það þýðingarmeiri viðburður, þó að lítið væri orð á gert, heldur en allar styrjaldir Napóleons, og úr allt annarri átt.

IV

Þegar vér erum farnir að átta oss á eðli spádóma, furðar oss ekki á því, að spád hefir verið fyrir þessum tíðindum sem hér er á minnst. Lít ég á það sem spádóm af því tagi, sem haft er eftir „anda“ á bls. 234 í Raymond, hinni mjög lesnu bók sem Sir Oliver Lodge ritaði til minningar um son sinn. „Okkar megin,“ segir „andinn“, „er búist við því, að á fáum árum muni verða mikil breyting á högum manna á jarðar-sviðinu (the earth-plane).“ Og úr sömu áttinni er það, þegar haft er eftir „andanum“ Myers (sömu bók bls. 248) að eftir tíu ár muni (mikil) umskipti vera orðin á jörðu hér, eða, svo að ég þýði nær orðunum: verði jörðin orðin ólíkur staður því sem hún er nú (in ten years from now the world will be a different place).

Miklu greinilegri en þetta sem nú er sagt, er spádómur þýskrar völvu sem kallar sig von Ferriem; er þá völunga að finna í riti frá 1905; er þar spád mjög merkilega um hina miklu styrjöld og sagt að fyrstu 19 árin framan af þessari öld muni verða mjög ófriðsamt; einnig er þar sagt, að rússneska ríkið muni sundurliðast. Segir í þessari þýsku völunga, að þess verði ekki langt að bíða, að fundin verði ný náttúruvísindi (neue unbekante Naturwissenschaft) og kennd við alla háskóla. Segir völvun, að þessi nýja náttúrufræði muni koma fullkomnum friði á milli vísindanna og kirkjunnar.

Er það nú séð, að völvun mun hér sannspá reynast; því að þessi nýja náttúrufræði er einmitt bioradiologian og astrobiologian sem ég gat um áðan. Orðið astrobiologi hefi ég hvergi séð á prenti nema í bókinni Limanora eða Framfaraeyjan eftir (Godfrey Sweven) prófessor J. Macmillan Brown,

sem er málfræðingur og um margt annað stórlega fróður maður, og einhver merkilegasti rithöfundur sem nú er uppi. Þessi bók hans sem ég nefndi, er hin langmerkilegasta „fram tíðarlýsing“ sem ég hefi séð, tekur jafnvel fram hinni snilldarlegu fram tíðarbók H. G. Wells': A modern Utopia.

Þegar vísindi þau sem ég hefi nefnt, fara að koma að notum, mun vort erfiða og stundum nær því óbyggilega land, verða sannnefnd framfaraeyja. Mun sumt það hér verða gert, sem jafnvel ennþá betur horfir til rétttrar áttar en umbætur þær á mannfélagi, sem af segir í ritum áður nefndra snillinga.

Þjóðólfur, júní-júlí 1918.